



Fréttatilkynning

31. mars 2011

Vilt þú vekja athygli á verðugu verkefni?

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, verða afhent í 16. sinn við athöfn í Þjóðmenningarhúsini þriðjudaginn 24. maí næstkomandi.

Heimili og skóla – landssamtök foreldra óska eftir tilnefningum til Foreldraverðlauna 2011 frá einstaklingum, félögum eða hópum sem vilja vekja athygli á vel unnum verkefnum, sem stuðla að eflingu á skólastarfi og jákvæðu samstarfi heimila, skóla og samfélagsins.

Með afhendingu verðlaunanna er vakin eftirtekt á því fjölbreytta starfi sem fer fram innan **leik- grunn- og framhaldsskóla** og stuðlar að því að efla jákvætt og öflugt samstarf heimila, skóla og samfélagsins.

Fólk er hvatt til að líta eftir og tilnefna verðug verkefni í sínu nærumhverfi.

Tilnefningar sendist á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað á heimasíðu Heimilis og skóla www.heimiliogskoli.is. Síðasti skiladagur tilnefninga er **fimmtudagur 28. apríl 2011**.

Nánari upplýsingar um Foreldraverðlaunin er að finna á heimasíðu samtakanna www.heimiliogskoli.is. Einnig eru veittar upplýsingar á skrifstofu samtakanna í síma 516 0100.